Stjórnunarkerfi Strætó bs. vottuð

Skrifað af: Administrator
Föstudagur, 20. desember 2013 00:00

Vottun hf. staðfesti nýlega að stjórnunarkerfi Rekstrarsviðs Strætó bs. uppfylltu kröfur alþjóðlegra staðla. Annars vegar er um að ræða umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við kröfur ISO 14001 staðalsins og hins vegar stjórnunarkerfi heilsu og öryggis á vinnustað í samræmi við kröfur OHSAS 18001 staðalsins. Strætó er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og hefur það hlutverk að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna. Undir það hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó), ferðaþjónustu fatlaðra og ferðaþjónustu eldri borgara. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.s.is .

